# Rangárþing ytra

***ÁLAGNINGARPRÓSENTUR, AFSLÆTTIR OG GJALDSKRÁR 2022***

Gildir frá og með 1. janúar 2022

**1. Útsvar**; 14,52%.

**2. Fasteignaskattur**;

**A** - 0,36% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

**B** - 1,32% af fasteignamati: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

**C** - 1,50% af fasteignamati: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

**3. Lóðarleiga**; 1,0% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.

**4. Vatnsgjald**; skv. sérstakri gjaldskrá.

**5. Aukavatnsgjald** skv. sérstakri gjaldskrá.

**6. Tengigjöld** í Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

**7. Fráveitugjald** á Hellu; 0,25% af fasteignamati húss og tilh. lóðar skv. sérstakri gjaldskrá.

**8.** Gjöld fyrir tæmingu **rotþróa** eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

**9. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld** skv. sérstakri gjaldskrá.

**Gjalddagar** liða nr. 2, 3, 4, 7, 8 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8 og 1/9 2022. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 35.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi; 1/5 2022. Einnig gefst aðilum kostur á að greiða fasteignagjöldin í einu lagi og skal gjalddagi vera eigi síðar en 1/6 2022. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddagi.

Fasteignaeigendum **67 ára** og eldri og **öryrkjum** 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitu-og rotþróargjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

**10. Leyfisgjöld vegna hunda- og kattahalds** er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

**11. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld** skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá. Gjalddagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.
Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á heimasíðu Rangárþings ytra.